

honum að gæta sérstakrar varúðar, einkum þar eð hann vissi, að hemlar framhjóla voru ekki í lagi, og hægja svo á hraða bifreiðarinnar, er hann sá stærri drenginn hlaupa yfir götuna, að hann gæti stöðvað hana þegar í stað. Þessarar varúðar gætti ákærði ekki, og þykir hann hafa ekið of hratt og ógætilega, eins og á stóð. Þetta varð meðorsök slyssins og varðar ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1. og 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að hafa ekki hemla bifreiðarinnar, horn hennar og hraðamæli í lagi hefur ákærði, sem er umráðamaður bifreiðarinnar, gerzt brotlegur við 5. gr. 2. mgr., 6. gr. og 9. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Brynjólfur Jónatansson, sæti varðhaldi í 3 mánuði. Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1947.

Nr. 118/1947. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Ingólfi Guðjónssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Umferðarslys. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

#### Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakarativik eru réttilega rakin í hinum áfrýjaða dómi, og hefur ákærði með hátterni sínu gerzt brotlegur við þau refsíakvæði, sem í dóminum greinir, önnur en 217. gr. hegningarlaganna. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Ingólfur Guðjónsson, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Theódórs B. Lindsals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 1. apríl 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Ingólfi Guðjónssyni prentara, Oddstöðum, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðarlögum nr. 23 frá 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum hinn 7. febr. 1917 og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt kærú eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. maí 1946, klukkan að ganga sjö um eftirmiðdaginn, ók ákærði bifreið sinni, V 22, nú R 4063, heiman frá sér frá Laugarnesvegi 55, Reykjavík, en þar átti hann heima þá, — og ætlaði vestur að Stúdentagarðinum. Hann var illa fyrirkallaður, þreyttur og svefnvana. Hann vann þá í Ísafoldarprentsmiðju og hafði unnið til klukkan 4 um nóttina áður, og farið á fætur kl. 7 um morguninn, eftir ca. 2½ tíma svefn, og hafið vinnuna að nýju kl. 8 um morguninn og unnið til kl. 5 um eftirmiðdaginn. Hann ók niður Laugaveg og beygði suður Hringbraut eftir vinstri götunni, en gatan er þarna tvöföld og bílstæði á milli. Einstefnuakstur er þarna. Kvikmyndahlús var í smíðum við Hringbrautina, milli Njálsgötu og Grettisgötu, og hafði verið reist upp grindverk umhverfis bygginguna út á götuna. Mjó trégangstétt var fyrir framan grindverkið, ca. 60—70 cm á breidd. Er ákærði nálgast bíobygginguna, kom maður gangandi á móti honum norður trégangstéttina meðfram grindverkinu. Maður þessi var Elías Guðmundsson, Hverfisgötu 96 B. Ákærði kveðst ekki hafa veitt honum athygli. Ók ákærði frekar hægt suður götuna, á 15—18 km hraða í mesta lagi að eigin sögn, en er hann var kominn móts við bíobygginguna, sveigði hann bifreiðina til vinstri, svo vinstri hjól hennar fóru upp á trégangstéttina og fram-brettið straukst við bárujárnið í grindverkinu. Varð Elías þarna fyrir bifreiðinni, og féll hann á höfuðið niður á gangstéttina. Klukkan var um 6½ e. h., er þetta gerðist. Ákærði sveigði síðan bifreiðina inn á götuna, jók hraðann og ók áfram. Kvaðst hann ekki hafa orðið þess var, að maður varð fyrir bifreið hans, en fát hafi komið á sig, er bifreiðin fór upp á gangstéttina og rakst á grindverkið. Varð honum svo um þetta, að hann hætti við að aka að Stúdentagarðinum og sneri heim á leið. Beygði hann austur Njálsgötu og inn á Rauðarárstíg og ók norður stiginn. Á gatnamótum Laugavegs ók bifreiðin R 1614 fram úr bifreið ákærða og nam staðar skáhallt fyrir framan hana. Varð ákærði því að stöðva bifreið sína. Bifreiðarstjórinn á R 1614, Guðmundur Ámundason Björns-son, hafði séð slysið og veitt ákærða eftirför og tókst þannig að knýja hann til þess að nema staðar. Átti hann síðan tal við ákærða og skýrði honum frá slysinu, en ákærði kvaðst ekkert um það hafa vitað. Rétt á eftir kom þar að Steinþór Ásgeirsson framkvæmdarstjóri í bifreið sinni. Hafði hann einnig séð slysið og veitti ákærða eftirför. Tók hann ákærða upp í bifreið sína og ók síðan á slystaðinn og tók þar slasaða manninn og fór síðan með ákærða á lög-reglustöðina. Við athugun reyndist bifreið ákærða í sémilega öku-færu standi.

Elías Guðmundsson varð fyrir talsverðum meiðslum. Samkvæmt

læknisvottorði hafði hann töluverð sár á fæti og einkenni um heilahristing. Sárin á fætinum gréru á nokkrum vikum, en höfuðverkur og svimi hélzt fram eftir sumri, og var hann ýmist alveg óvinnufær eða vann hluta úr dögum. Um miðjan september var hann orðinn fullvinnufær. Elías Guðmundsson hefur engar skaðabótakröfur gert í máli þessu á hendur hinum ákærða, þar sem hann kveðst ætla að beina kröfum sínum til váttryggingarfélags bifreiðarinnar.

Um nánari atvik að slysinu liggja fyrir þessar upplýsingar:

Elías Guðmundsson kveðst hafa verið að koma úr vinnu sinni í umrætt skipti og gengið norður Hringbraut frá Njálsgötu. Gekk hann eftir trégangstéttinni hjá bíóbyggingunni, og er hann var staddur nálægt byggingunni miðri, sá hann bifreiðina V 22 koma suður götuna á mikilli ferð. Er bifreiðin nálgast, var henni sveigt að honum og upp á trégangstéttina með bæði vinstri hjólin. Vinstra fram-bretti bifreiðarinnar ásamt hjólinu lenti á vinstra hné hans og reif buxurnar og skinnið af hnéskelinni, en vinstra afturhjól lenti síðan á hægri fæti hans og marði mjóalegg og kálfa. Féll Elías þá á höfuðið niður á gangstéttina og fékk áverka á höfði og snert af heilahristingi, en missti ekki meðvitund. Kvað hann útilokað annað en ákærði hefði orðið slyssins var.

Vitnið Baldur Steingrímsson skrifstofustjóri kvaðst hafa verið á gangi suður Hringbraut í umrætt skipti. Er hann var að fara yfir gatnamót Grettisgötu og Hringbrautar, kveðst hann hafa heyrt hávaða og orðið litið austur að bíóbyggingunni. Sá hann bifreið ákærða aka upp á trégangstéttina, og virtist honum, að bæði vinstri hjólin færu upp á gangstéttina — afturhjólið um leið og framhjólið fór niður af stéttinni. Í sömu svifum sá hann karlmannshatt velta aftur fyrir bifreiðina út á götuna, og er bifreiðina bar frá, sá hann Elías Guðmundsson vera að standa upp, og var hann blóðugur og fót hans rifin. Bifreiðinni virtist honum ekið nokkuð hratt, en þó tæplega á ólöglegum hraða, en er slysið hafði viljað til, var hraðinn aukinn, og bifreiðinni ekið austur Njálsgötu. Kvaðst vitnið telja engan vafa á, að ákærði hefði hlotið að verða var við slysið.

Vitnið Steinþór Ásgeirsson framkvæmdarstjóri kveðst hafa staðið fyrir utan heimili sitt á Hringbraut 33 kl. um 6½ e. h. umræddan dag. Sá hann þá, hvar bifreiðinni V 22 var ekið suður Hringbraut, en veitti henni í fyrstu litla eftirtekt. Sá hann svo, að bifreiðinni var ekið upp á trégangbraut hjá bíóbyggingunni, og fór vinstra framhjól upp á gangstéttina. Gangandi maður varð þarna fyrir bifreiðinni, fyrir vinstra fram-bretti, að því er vitninu virtist. Bifreiðarstjórinn nam ekki staðar, en ók áfram og beygði austur Njálsgötu og herti þá á hraða bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst vera þess fullvist, að bifreiðarstjórinn hafi tekið eftir manningnum, sem fyrir slysinu varð, því rétt um það bil, sem slysið varð, hafi hann litið við og hægt á bifreiðinni, en jók svo hraða hennar, er hann ók burt

af slyssaðnum. Virtist vitninu, að bifreiðarstjórinn væri að hugsa um, hvort hann ætti að nema staðar. Vitnið veitti síðan bifreiðinni eftirför og náði henni inn á Laugavegi. Var þá önnur bifreið búin að stöðva hana. Vitnið ók síðan bifreiðarstjóranum, sem var ákærði, að slyssaðnum og þar næst niður á lögreglustöð. Vitnið kvað ákærða hafa viðurkennt, að hann hefði orðið þess var, að maður varð fyrir bifreið hans, minnsta kosti skildi það orð ákærða á þá leið. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög taugaóstyrkan, en ekki undir áhrifum áfengis.

Vitnið Guðmundur Ámundason Björnsson verzlunarmaður kvaðst hafa ekið bifreið sinni, R 1614, umrætt skipti austur Njálsgötu og yfir Hringbraut. Á þessum gatnamótum heyrði það einhvern hávaða og leit til vinstri og sá þá, hvar bifreiðin V 22 kom ofan af trégangstéttinni við bíóbygginguna og maður var að standa upp á gangbrautinni. Maður þessi kvað bifreiðina V 22 hafa ekið á sig. Elti vitnið síðan bifreiðina og neyddi hana til þess að nema staðar inni á Laugavegi, eins og áður er getið. Vitnið átti tal við ákærða, og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því, að maður hefði orðið fyrir bifreið sinni. Síðan bar þar að Steinþór Ásgeirsson, og átti hann einnig tal við ákærða, meðan vitnið var viðstatt. Ekki heyrði vitnið, að ákærði viðurkendi fyrir Steinþóri að hafa vitað um slysið. Vitnið kvað ákærða hafa verið fölan og taugaóstyrkan, en ekki undir vináhrifum.

Vitnið Magnús Siggeir Eiríksson verkamaður, Sogabletti 9, Reykjavík, kvaðst hafa verið statt fyrir utan húsið nr. 33 við Hringbraut í umrætt skipti. Sá hann bifreiðina V 22 aka suður Hringbraut á meðalhraða, á að gizka 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin var komin móts við bíóbygginguna, ók hún upp á trégangstétt, sem var þar fyrir framan, og utan í grindverkið, sem var umhverfis bygginguna. Um leið var henni ekið utan í mann, sem var á gangi á gangstéttinni í suður átt, og felldi hann í götuna. Bifreiðin nam ekki staðar við þetta, heldur sveigði hún út á götuna, og var síðan ekið austur Njálsgötu. Vitnið sá ákærða eftir slysið, innarlega á Laugavegi, og sá ekkert athugavert við framkomu hans, annað en fát virtist vera á honum.

Þá hefur Ragnar Hafstein Guðbjörnsson gefið skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Kvaðst hann hafa verið áhorfandi að slysinu, og hefði bifreiðin farið með bæði vinstri hjólin upp á trégangstéttina og ekið ca. 5—6 metra eftir gangbrautinni, áður en hún rakst á manninn. Hann gerði ráð fyrir, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 20—25 km, miðað við klukkustund.

Við framburði þessa hefur ákærði gert þær athugasemdir, að það væri ekki rétt, að hann hefði orðið slyssins var, og eins hefði hann alls ekki viðurkennt slíkt fyrir Steinþóri Ásgeirssyni. Þá kvað hann sum vitnin áætla hraða bifreiðarinnar meiri en hann var, þar sem

hraðinn hafi ekki verið yfir 15—18 km á klukkustund. Svo kvaðst hann og ekki hafa orðið þess var, að vinstra afturhjóli bifreiðarinnar færi upp á gangstéttina. Að öðru leyti taldi hann framburðina réttu.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða og með tilliti til þess, að hann er lágur vexti og hægri handar stýri var á bifreiðinni, verður ekki talið sannað, að hann hafi orðið slyssins var. Hins vegar bar ákærða skylda til að fylgjast með umferðinni á gangstéttunum beggja vegna, og verður það að teljast vítavert eftirtektarleysi frá hans hálfu að veita ekki athygli manningnum á trégangstéttinni, er kemur móti honum og hann ekur á. Ökuhraði ákærða virðist ekki hafa verið meiri en löglegt var.

Eins og fram hefur verið tekið, var ákærði þreyttur og svefnvana í umrætt skipti, og er ástæða til að ætla, að þess hafi gætt við stjórn bifreiðarinnar, og ákærða mátt vera það ljóst fyrir. Hefur hann því gerzt brotlegur við 23. gr. 3. mgr. bifreiðalaga og 4. gr. 2. málsg. umferðarlaga. Þá hefur og ákærði orðið uppvis að ótilhlýðilegum skorti á eftirtekt með því að verða ekki mannsins var, er varð fyrir bifreið hans. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 27. gr. 1. málsgrein bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga. Þá hefur hann einnig brotið sömu ákvæði og enn fremur 13. gr. 2. málsg. umferðarlaga með því að aka bifreið sinni af opnum og tálmalausum vegi upp á trégangstéttina. Með þessum mistökum hefur ákærði á refsiverðan hátt orðið valdur að meiðslum Eliasar Guðmundssonar og bakað sér ábyrgð samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. grein umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en komi ella í stað sektarinnar 20 daga varðhald.

Þá þykir og bera samkvæmt fyrirmælum 39. greinar bifreiðalaga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuréttindum í 3 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða, og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Friðþjófs G. Johnsens hdl., er ákveðast kr. 300.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ingólfur Guðjónsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuréttindum í 3 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að

greiða, og þar á meðal kr. 300.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsens hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1947.

Kærumálið nr. 21/1947. Róshildur Jónsdóttir

gegn

**Einari Scheving Thorsteinsson og Birni Geir-  
mundssyni**

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp á aukadómþingi Húnavatnssýslu 22. okt. s. l., og var sóknaraðili ekki við dómsuppsögu stödd né neinn af hennar hendi. Málflutningsmaður sóknaraðilja fékk í hendur eftirrit dómsins 5. nóv. s. l., og kærði hann fyrir hönd sóknaraðilja sama dag til hæstaréttar ákvæði dómsins um málskostnað. Barst hæstarétti kæran 25. nóv. s. l. með bréfi héraðsdómara, dags. 17. s. m.

Í greinargerð til hæstaréttar, dags. 17. nóv. s. l., krefst sóknaraðili þess, að málskostnaðarákvæði hins kærða dóms verði úr gildi fellt og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 2292.00, svo og kærumálskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar hafa ekki sent hæstarétti greinargerð um málið né borið þar fram kröfur.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, að því er varðar varnaraðiljann Einar Scheving Thorsteinsson, en dæma varnaraðiljann Björn Geirmundsson til þess að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1200.00. Samkvæmt þessum úrslitum